

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 21. febrúar 2012.

Efni: Frekari athugasemdir við frumvarp til breytinga á lögum nr. 45/1997 um vörumerki, mál nr. 269.

Stjórn FUVÉ, sem kom fyrir Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis nú sl. miðvikudag, gafst ekki tóm til að vekja athygli nefndarmanna á misræmi í greinargerð í um umfjöllun um 12. gr. frumvarpsins, þar sem mestur tíminn fór í að fjalla um villu í lagagreininni sjálfri. Eins og kom fram á fundinum þá gerðum við athugasemdir við þá breytingu sem lögð er til í 12. gr. frumvarpsins.

Athugasemdir við 12. gr. frumvarpsins í greinargerðinni eru jafnframt illskiljanlegar.

12. gr. frumvarpsins hljóðar svo þar sem verið er að breyta 35. gr. núgildandi laga nr. 45/1997:

1.mgr. 35. gr. laganna orðast svo

Eigandi vörumerkis sem ekki hefur lögheimili á Evrópska efnahagssvæðinu, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum skal hafa umboðsmann búsettan á einhverju framangreindra landsvæða.


Í greinargerð með 12. gr. segir orðrétt:

Um 12. gr.

Í 35. gr. vörumerkjalaga, nr. 45/1997, er ákvæði um skyldu þeirra aðila, sem ekki hafa lögheimili hér á landi og sækja um skráningu vörumerkis hér á landi, til að hafa umboðsmann búsettan hérlandis. **Lögð er til breyting á því nú hvar umsækjandi og umboðsmaður geti verið búsettir. Samkvæmt frumvarpinu þarf umsækjandi að vera búsettur innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum.** Sama gildir um umboðsmann. Þessi breyting kemur til af því að Evrópusambandið hefur talið að krafa um búsetu í tilteknu ríki stríði gegn reglum sambandsins um frjálsa þjónustu milli ríkja þess. Ekki eru gerðar sérstakar kröfur til umboðsmanna, eingöngu að um sé að ræða einstakling eða lögaðila.

Samskipti umsækjanda eða eiganda vörumerkja við Einkaleyfastofuna munu áfram vera á íslensku. [...]

Umsækjendur um skráningu vörumerkja á Íslandi geta verði búsettir hvar sem er í heiminum. Þeir eru búsettir um allan heim. 12. gr. frumvarpsins fjallar alls ekkert um það hvar umsækjendur þurfi að búa til þess að geta skráð vörumerki sín á Íslandi, enda enginn skilyrði í núgildandi vörumerkjalögum þess efnis. Slík skilyrði eru óþekkt í vörumerkjarétti.



Lagareglan felur í sér tvær breytingar frá því sem nú er:

- (a) erlendir umsækjendur með lögheimili innan Evrópu þurfi ekki lengur umboðsmann,
- (b) erlendir umsækjendur utan Evrópu þurfi áfram umboðsmann, en umboðsmaður þarf ekki að vera búsettur hér á landi heldur má starfa hvar sem innan EES, ESB eða Færeyja.

Þetta kemur nokkuð skýrt fram í 12. gr. frumvarpsins en umfjöllunin í greinargerðinni er óljós og misvísandi. Það er ekki markmið með nefndri breytingu á 35. gr. núgildandi vml. nr. 45/1997 að takmarka á neinn hátt aðgengi erlendra aðila að skráningu vörumerkja á Íslandi með kröfu um að þeir þurfi að vera búsettir á EES svæðinu til þess að geta skráð vörumerki sín á Íslandi eins og ætla mætti af lestri textans í greinargerðinni.

Það er því ekki aðeins villa í lagatextanum sjálfum sem við höfum bent á heldur einnig í meðfylgjandi greinargerð þar sem fjallað er um 12. gr. frumvarpsins.

Nú er það alls ekki svo að starf umboðsmanna hvíli á lagalegri *skyldu* erlendra réttshafa og umsækjenda að nota þjónustu íslenskra umboðsmanna. Umboðsmenn koma oft fram fyrir hönd íslenskra umbjóðenda gagnvart íslenskum skráningaryfirvöldum, þó svo slíkt sé ekki bundið í lög. Jafnframt sjá íslenskir umboðsmenn um að skrá mikinn meirihluta evrópskra einkaleyfa á Íslandi, líka evrópsk einkaleyfi frá evrópskum einkaleyfishöfum, sem lögum samkvæmt þurfa ekki umboðsmann hér á landi. Umtalsverður hluti slíkra skráninga kemur frá umboðsmönnum sem starfa í Evrópu, en kjósa engu að síður að nota þjónustu sérfróðra íslenskra umboðsmanna. Hinir erlendir réttshafar og erlendir umboðsaðilar þeirra telja einfaldlega að slíkt tryggi að öll formsskilyrði skv. íslenskum lögum séu uppfyllt og hætta á réttindamissi vegna mistaka sé lágmörkuð.

Skráð hugverkaréttindi eins manns hamla frelsi annars. Það er beinlínis markmiðið með að geta skráð sér til eignar hugverkaréttindi og beitt gegn öðrum. Það er því ekki íslensku atvinnulífi í hag að hér séu sem allra *flest* erlend einkaleyfi og vörumerki skráð, og tæplega markmið löggjafans að leggja sig í framkróka við að auðvelda erlendum aðilum að skrá réttindi hér á landi. Þó er sjálfsagt og eðlilegt að tryggja jafnræði og að uppfylla skilyrði alþjóðlegra samninga þannig að erlendum aðilum standi til boða hér sömu möguleikar og eru opnir íslenskum fyrirtækjum á erlendri grund.

Af þessum sökum telur FÚVE óvarlegt að gera verulegar breytingar á núverandi fyrirkomulagi 35. gr. vml. en vísun til fyrri athugasemda okkar og tillagna, telji löggjafinn að breytinga sé þörf.

Virðingarfyllt

F. hönd FÚVE, Félags umboðsmanna vörumerkja,

Dr. Einar Karl Friðriksson
formaður